



Fundargerð stjórnar

1. fundur

Mánudaginn 9. janúar 2006 var fundur haldinn í stjórn byggðasamlagsins í ráðhúsinu á Sauðárkróki. kl 16.00. Á fundinn voru mættir stjórnarmennirnir: Bjarni Maronsson, Gunnar Bragi Sveinsson og Magnús B. Jónsson.

Aldursforseti, Bjarni Maronsson setti fundinn.

1. Verkaskipting stjórnar

Bjarni Maronsson var kosinn formaður
Gunnar Bragi Sveinsson var kosinn varaformaður
Magnús B. Jónsson var kosinn ritari.

2. Stofnun félagsins

Tekið var fyrir hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að skrá félagið formlega hjá RSK en stofnsamningur um það var undirritaður 5. desember 2005. Fram kom að sækja þarf um kennitölu skriflega þar sem nafn, tilgangur félags, heimilisfang og forsvarsmáður eru tilgreind.

Rætt var um nafn á félaginu í ljósi þess að stofnfundur fól stjórn að finna því jákvæðara nafn en Norðursorp bs. Stjórnin samþykkti að leggja til að félagið verði nefnt Norðurá bs.

Samþykkt að leita eftir því við stærsta sveitarfélagið sem að byggðasamlaginu stendur, Skagafjörð, að það annist bókhald og fjárreiður félagsins. Jafnframt ákveðið að óska eftir að heimilisfang félagsins verði skráð í Ráðhúsinu við Skagfirðingabraut 17-21.

Ritara var falið að annast skráningu félagsins hjá RSK.

3. Staða verkefnisins, næstu skref.

Fyrir fundinum lágu eftirtalin gögn:

- a) Tölvupóstur frá Gunnari Bragasyni, Efnamóttökunni ehf. dags. 29.12.2005. Þar kemur fram að Efnamóttakan hefur skoðað kostnað við byggingu sorpbrennslustöðvar sem gæti verið staðsett á Skagaströnd. Efnamóttakan lýsir áhuga á viðræðum um málið. Í bréfinu kemur einnig fram frumathugun á kostnaði við byggingu og rekstur brennslustöðvar af þessari stærðar.
- b) Minnisblað um stofnun félags um förgun lífræns úrgangs dags. 1. janúar 2006. Í minnisblaðinu er fjallað um undirbúning og athugun á lausn fyrir sláturúrgang og áætlaðan stofnkostnað. Í minnisblaðinu er einnig sett fram hugmynd að hluthöfum og hlutafé við stofnun félagsins. Þar kemur einnig fram að stefnt er að stofnfundi 13. janúar n.k.
Einnig lá fyrir skýrsla starfshóps sem fór skoðunarferð til Finnlands 16.-18. nóvember sl. til að skoða jarðgerð lífræns úrgangs.
Í umræðum um málið kom m.a. fram að stjórnin taldi byggðasamlagið ekki í stakk búíð á þessu stigi til að gerast hluthafi í nýju félagi um eyðingu lífræns úrgangs en talsverð umræða varð um hvort og hvenig sú aðferð sem til skoðunar



Norðurá bs

**Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.**

er nýttist sem almenn lausn á eyðingu sorps. Í umræðunni kom einnig fram að með uppsetningu búnaðar af þessu tagi muni forsendur fyrir sorpbrennslu líklega brostnar þar sem stór hluti af brennanlegum úrgangi, pappír, timbur o.fl. fari sem stoðefni í moltugerðina og því muni brennslustöð verða óhagkvæmari en ella.

c) Tölvubréf frá Ómari Bjarka Smárasyni dags. 9. janúar 2006.

Í bréfinu fer Ómar Bjarki yfir stöðu verkefnisins og leggur mat á þær lausnir sem til skoðunar hafa verið.

Mikil umræða varð um stöðu verkefnisins og hver séu næstu skref í því og jafnframt hvert hlutverk byggðasamlagsins er og verður í að leysa sorpeyðingu á svæðinu. Samþykkt að óska eftir fundi með þjónustuaðilum í sorphreinsuninni á næstu dögum. Rætt um að stefna að slíkum fundi í byrjun 3. viku, 16-17. janúar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17.50

Norðurá bs.

Skagfirðingabraut 17-21
550 Sauðárkrókur